

EYD-212

Heiti: Spilliefni	Númer: 7	Flokkun: A	Dagsetning: 23.11.2007
-------------------	----------	------------	------------------------

#### Lýsing á umhverfisþætti:

Efni sem skilgreind eru sem spilliefni við förgun eru öll efni sem eru í skrá um spilliefni samkvæmt reglugerð þar um. Einnig efni sem falla undir reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

Helstu flokkar hjá Landsvirkjun eru:

- Olíuvörur
- Málningarvörur
- Olíublautur úrgangur
- Hreinsiefni
- Rafgeymar
- Sýrur
- Svarf

#### Umhverfisáhrif:

Spilliefni myndast þegar eiturefni og hættuleg efni verða að úrgangi. Efni geta m.a. verið eldfim, ertandi, hættuleg heilsu, eitruð, krabbameinsvaldandi, ætandi eða hættuleg umhverfinu.

#### Umhverfisáhætta:

Hætta er helst fólgin í að spilliefni berist í andrúmsloft, í ílát fyrir almennan úrgang, í fráveitu og við leka eða slys beint í yfirborðsvatn, grunnvatn eða jarðveg. Berist efnin í fráveitu valda þau neikvæðum umhverfisáhrifum í viðtaka. Berist efnin í yfirborðsvatn eða grunnvatn geta þau ógnað hreinleika vatns og haft neikvæð áhrif á vatnalífrikið. Berist efnin í jarðveg geta þau ógnað hreinleika jarðvegs og þar með vatns og grunnvatns og haft áhrif á lífríkið og nærliggjandi vatnsból. Gufi efnin upp, t.d. á rannsóknarstofu eða verkstæði, geta þau haft heilsuspillandi áhrif á starfsmenn. Berist efnin með almennum úrgangi sem fer á urðunarstað, valda þau neikvæðum umhverfisáhrifum í viðtaka sigvatns frá urðunarstaðnum þar sem urðunarstaðurinn og sigvatnsmeðhöndlun sem honum tengist er ekki hannaður fyrir móttöku spilliefna.

#### Fyrirbyggjandi stýring:

Öllum spilliefnum er á starfsstöðvum safnað í sérstök þar til gerð ílát og skilað til viðurkenndra móttökuaðila. Starfsleyfi móttökuaðila eru vistuð í skjalakerfi Landsvirkjunar. Lista yfir helstu spilliefni í starfsemi Landsvirkjunar er að finna á innra neti fyrirtækisins og hafa starfsmenn fengið upplýsingar um flokkun og meðhöndlun þeirra. Magn spilliefna sem fellur til hjá fyrirtækinu er skráð í grænt bókhald. Allar kvittanir fyrir skilum spilliefna eru varðveittar.

#### Vöktun:

Kvittanir frá viðurkenndum spilliefnamóttökuaðilum eru varðveittar. Magn spilliefna er skráð í grænt bókhald.

**Ástæða flokkunar:**

Spilliefni flokkast sem A umhverfispáttur þ.e. sem þýðingarmikill umhverfispáttur. Röng meðferð spilliefna og hugsanleg slys í kjölfar þess geta haft veruleg áhrif á ímynd Landsvirkjunar, auk þess sem lagabrot er að flokka ekki spilliefni frá almennum úrgangi. Mengun vegna meðhöndlunar spilliefna getur ógnað hreinleika vatns, grunnvatns og jarðvegs og haft neikvæð áhrif á lífríkið. Evrópusambandið hefur gefið út rammatilskipun um nytjavatn sem tekur m.a. til verndar yfirborðsvatns á landi og grunnvatns og er Ísland skuldbundið að taka upp þann hluta tilskipunarinnar sem snýr að verndun neysl vatns og verndun vatns gegn mengun frá starfsemi í byggð.

Þjóðarmarkmið er um að tryggja að spilliefni berist ekki út í umhverfið og að mengun í ám og vötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskigengd eða útivistargildi.